

Til handhafa útboðsgagna nr. 14799 Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist og eru svör Strætó bs. við þeim hér fyrir neðan.

Fyrirspurn 1:

Er það rétt skilið að "Biðgjaldið" svokallaða er eingöngu greitt fyrir bifreiðar innan akstursáætlunar sem er gefin út vikulega?

Þannig að komi upp heimsfaraldur t.d. endurtekinn Covid19 faraldur eins og óttast er að geti gerst næsta vetur, getur Strætó gefið út að einungis sé þörf á t.d. 10 bílum í næstu viku á eftir og er þá eingöngu skuldbundinn til að greiða biðgjaldið á þessa 10 bíla og hinir 35 bílarnir standa þá eftir tekjulausir með fullum bílalánnum, gjöldum, tryggingum og launagreiðslum til bílstjóranna, þangað til akstursáætlunin fer aftur upp í 45 bíla að loknum heimsfaraldri?

Sbr: Bls 21 í tilboðsgögnum.

"2.0.6 Akstursáætlun

Vikulega (t.d. á miðvikudegi) mun kaupandi senda út drög að akstursáætlun næstu vinnuviku á eftir.

Áætlun mun sýna áætlaða þörf á fjölda bifreiða dag fyrir dag og innan hvers dags.

Kaupandi mun senda akstursáætlun næsta dags um kl. 21:00 daginn áður, sú áætlun sýnir allar bókaðar ferðir yfir daginn og mun birtast í spjaldtölvum viðeigandi bifreiða/bílstjóra.

Fyrirvari er gerður á að breytingar geta átt sér stað á akstursáætlun, t.d. vegna forfalla, afpöntun ferða, pöntun tilfallandi ferða og fleiri þátta."

...og sbr. bls. 29 í útboðsgögnum:

"2.1.1 Biðtími

Seljandi skal hafa ákveðinn fjölda bifreiða og bílstjóra til reiðu frá kl. 07:30 til 17:30 alla virka daga skv. vikulegri akstursáætlun. Áætluð þörf á fjölda bifreiða yfir daginn er breytilegt eftir tíma dags, sjá nánar á mynd 5 í kafla 2.1.0.

Komi til þess að göt séu í akstursáætlun bifreiða frá fyrstu ferð til síðustu ferðar innan dagvinnutíma, þ.e. engir farþegar bókaðir í ferð á viðkomandi bifreið, fær seljandi greiddan biðtíma fyrir viðkomandi bifreið og bílstjóra. Þó er ekki greiddur biðtími fyrir kaffi- og neyslulhlé.

Biðtími miðast við þann tíma sem engir farþegar eru í bifreið og greiðist eingöngu fyrir bifreiðar sem eru skráðar til vinnu samkvæmt akstursáætlun."

Er þetta réttur skilningur?

Svar 1:

Já þetta er réttur skilningur. Bent skal á ákvæði í kafla 1.21 í útboðsgögnum varðandi greiðslu bóta ef heildaraksturstímum fækkar um meira en 15% á ári.

Fyrirspurn 2:

1. Kafli 1.5 Févítí - Er ekki örugglega stafsetningarvilla varðandi fjárhæð 250.000 vegna vanrækslu öryggismyndavélar?

2. Kafli 2.0.7 Bifreiðar og búnaður " frá og með 1.júlí 2020 skulu alla bifreiðar útbúnar myndavélakerfi". Er ekki átt við 1.júlí 2021?

Svar 2:

Í kafla 1.5 er ekki stafsetningarvilla í fjárhæð tafarbóta og hún er því óbreytt.

Í kafla 2.0.7 er villa í 12. mgr. varðandi ártal. Frá og með 1. júlí 2021 skulu allar bifreiðar útbúnar myndavélakerfi en ekki frá og með 1. júlí 2020 eins og þar stendur.

Eftir breytingar hljóðar 12. mgr. í kafla 2.0.7 svo:

Hafi seljandi ekki yfir að ráða nægjanlegum fjölda bifreiða útbúnum með lyftum er honum heimilt að notast við bifreiðar útbúnar með römpum fyrsta ár samningstímans, þ.e. fram til 30. júní 2021. Frá og með 1. júlí 2021 skulu allar bifreiðar útbúnar með lyftu. Notist seljandi við bifreiðar til bráðabirgða fyrsta ár samningstímans er ekki gerð krafa um að sett sé upp myndavélakerfi í viðkomandi bifreiðum. Frá og með 1. júlí 2021 skulu allar bifreiðar útbúnar myndavélakerfi.

Fyrirspurn 3:

Á fordæmalausum tímum þar sem öll framleiðsla á farartækjum er í lamasessi og þá sérílagi sérútbúnum hjólastólábifreiðum eru einungis gefnar tæpar 8 vikur frá því að útboð er opnað og þar til akstur á að vera hafin 1.júlí. 2020, Einungis einn aðili getur boðið í þetta verk og engin nýr aðili á möguleika á að útvega tæki í þetta verk, öll þau tæki sem til eru í landinu eru öll meira og minna úr sér gengin og mikil hætta á þjónustuskerðingu við notkun þeirra enda er þetta 5+2 ára verkefni og eldri tæki, jafnframt er engin tími gefin í þjálfun á kerfum, og yfirfærsla á þörfum og þekkingu á viðskiptavinum þjónustunar. Þetta ýtir undir ofangreint að einungis eitt fyrirtæki geti tekið þátt í þessu útboði.

1. Hvernær er stefnt að semja við verktaka þ.e. hvað mun úboðsaðili taka sér langan tíma í að velja aðila?

2. Ef að svarið er allt að 8 vikur skv. útboðsgögnum hvernig á viðkomandi aðili þá að útvega sér tæki til akstursins? þ.e. ef ekki er gefin neinn tími?

3. Er þessi stutti frestur ekki brot á IST30 og jafnræðisreglu stjórnarskrár ? Það getur ekki nema 1 boði í þetta verk

4. Ef bíll er í "gati" sbr. gr. 2,1,0 er þá greitt fyrir það gat með biðgjaldi?

Svar 3:

1. Kaupandi mun ganga til samninga við bjóðanda eins fljótt og auðið er, innan gildistíma tilboða og í samræmi við lög um opinber innkaup.

2. Skv. kafla 2.0.7 í útboðsgögnum skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum frá 1. júlí 2020 og þann 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða 45 sérútbúnum hópferðabifreiðum. Seljandi þarf því ekki að hafa yfir að ráða fyrirhuguðum heildarfjölda hópferðabifreiða við upphaf samningsbundins aksturs. Fyrsta ár samningstímans, eða til og með 30. júní 2021, getur verktaki til bráðabirgða notast við þær sérútbúna hópferðabifreiðar sem til er í landinu og notaðar hafa verið í akstursþjónustu fatlaðra sl. ár, þrátt fyrir að kröfur um lyftubúnað og myndavélakerfi séu ekki uppfylltar, sjá nánar kafla 2.0.7 í útboðsgögnum. Verktaki hefur því eitt ár til þess að útvega endanlegan bílaflota fyrir þjónustuna.

Fleiri en einn aðili geta lagt fram sameiginlegt tilboð sbr. kafla 0.1 í útboðsgögnum eða semja við undirverktaka sbr. kafla. 1.10 í útboðsgögnum, t.d. til þess að ná tilskyldum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða.

3. Kaupandi áréttar það sem fram kemur í fyrra svári undir lið 2 hér að framan um að fleiri en einn aðili geti boðið í samninginn og að heimilt sé að nota bifreiðar til bráðabirgða fyrsta ár samningstímans. Ljóst er að framangreint svigrúm uppfyllir kröfur laga um opinber innkaup um jafnræði bjóðenda. Af öllu framangreindu leiðir að kaupandi hafnar því að tímalengd frests brjóti gegn ÍST30 og jafnræðisreglu stjórnarskrár. Jafnframt er á það bent að ÍST30 gildir ekki um útboðið.

4. Sjá kafla 2.1.1 í útboðsögnum varðandi greiðslu biðtíma.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.